

Ed.

95. Nefndarátt

um frumvarp til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor (þskj. 60).

Vjer undirskrifaðir vorum kosnir í nefnd, til að ihuga frumvarp til laga um sjerstök eftirlaun handa skáldinu Steingrími Thorsteinsson rektor.

Frumvarp þetta er komið frá stjórninni og hefir gengið óbreytt gegnum neðri deild Alþingis. Er það orðað svo, að skáldinu Steingrími Thorsteinsson skuli, er hann lætur af rektorsembætti við hinn almenna mentaskóla, veitast í viðbót við lögmælt eftirlaun kr. 1333,33, sem árleg heiðurslaun.

Í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpinu er framtekið, að honum beri í eftirlaun 2666,67 kr., er hann færi frá embætti. Svo lýsir stjórnin og yfir því álitinu sínu, að manni þessum, sem kominn sje á níræðisaldur, og hafi að sjá fyrir framfærslu talsverðrar fjölskyldu og verði auk þess að borga alt að 700 kr. ár-

lega, til að inna af hendi lögboðna lífeyristryggingu handa konu sinni, muni verða afkoman erfið með eftirlaunum sínum einum.

Loks segir stjórnin, að þau sjerstök eftirlaun, sem fram á er farið í frumvarpinu, geti ekki talist nema lítilsháttar viðurkenning til hans fyrir þann auð og unun, er hann hefir veitt íslensku þjóðinni með skáldskaparverkum sínum og öðrum bókmentalegum störfum.

Í máli þessu er ekkert komið fram, er sýni, að rektor Steingrímur Thorsteinson sje ráðinn í því að segja af sjer embætti. En þó svo væri, getur nefndin ekki fallist á, að hin lögmæltu eftirlaun hans 2666,67 kr. mundu ekki nægja honum og fjölskyldu hans. Miklu heldur verður hún að álíta, að hann mundi komast mjög vel af, ekki síst, er þess er gætt, að efnahagur hans mun vera í besta lagi. Nefndin telur og mjög varhugavert að hækka lögmælt eftirlaun, eins og hjer er ætlast til að gert verði, þar sem stefna tímans virðist ella heldur vera sú, að afnema öll eftirlaun.

Þar á móti felst nefndin algerlega á það, að rektor Steingrímur Thorsteinsson eigi skilið sjerstaka viðurkenning fyrir starf sitt sem skáld og rithöfundur. En hún álítur og heldur því fast fram, að slík viðurkenning eigi að koma fram alveg út af fyrir sig og án nokkurs tillits til þess, hvort og hvenær hann ljeti af rektorsembætti. Nefndin getur ekki stilt sig um að lýsa yfir, að slíka viðurkenningu hefði þing og þjóð þegar fyrir löngu átt að láta honum í tje. Lengur má það alls ekki dragast. Skáldið er komið á svo háan aldur. Sje það dregið enn, eða sje viðurkenningin bundin við þann tíma, er hann láti af rektorsembætti, getur svo farið, að ekkert verði úr framkvæmdinni.

Til þess nú að sýna hinu mæta gamla skáldi einhverja viðurkenningu, telur nefndin ekki illa tilfallið, að gefa honum í eitt skifti heiðursgjöf. Skáldið er ekki fjárþurfi, svo að gjöfin þurfi að vera mikil. Og viðurkenningin er hin sama hvórt heiðursgjöfin er 1000 kr. meiri eða minni.

Nefndin hefir því komist að þeirri niðurstöðu, að hafna frumvarpi neðri deildar. En í þess stað leyfir hún sjer að koma fram með nýtt frumvarp á þingskjali 96, er hún ræður deildinni til að samþykkja.

Efri deild Alþingis, 17. júlí 1913.

Jósef Björnsson,
form.

Björn Þorláksson
skr. og frs.m.

H. J. Kristófersson.